

Utanríkisráðuneytið

Minnisblað

Viðtakandi: Fjárlaganefnd
Sendandi: Utanríkisráðuneytið
Dagsetning: 04.10.2023
Málsnúmer: UTN23090301
Bréfalykill: 04.G.001

Efni: Landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna

Samkvæmt Hafréttarsamningi Sameinuðu þjóðanna eiga strandríki sjálfkrafa landgrunn að 200 sjómílum sem eru jafnframt ytri mörk efnahagslögsögunnar. Mörg ríki, eins og Ísland, eiga hins vegar sökum náttúrulegra aðstæðna víðáttumeiri hafsbotnsréttindi samkvæmt ákvæðum sammingsins.

Viðkomandi ríki eiga að senda landgrunnsnefnd Sameinuðu þjóðanna ítarlega greinargerð um ytri mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna og nefndin fer yfir greinargerðina, leggur tæknilegt mat á hana og gerir tillögur um landgrunnsörkin.

Náttúruauðlindir sem tilheyra landgrunninu eru jarðefnaauðlindir á borð við olíu, gas og málma, aðrar ólífrænar auðlindir hafsbotnsins og botnlaganna, til dæmis jarðhiti og lífverur í flokki botnsetutegunda og erfðafni þeirra. Réttindi strandríkis yfir landgrunninu utan efnahagslögsögunnar hafa ekki áhrif á réttarstöðu hafsins þar fyrir ofan, sem telst úthaf, og ná ekki til fiskistofna né annarra auðlinda þess.

Vinnan við landgrunnskröfu Íslands hefur staðið yfir í tæpa tvo áratugi, en Ísland sendi landgrunnsnefndinni uppfærða greinargerð vegna vestur- og suðurhluta Reykjaneshryggjar í mars 2021. Greinargerðin var tekin til efnislegrar meðferðar hjá nefndinni núna í sumar og átti sendinefnd Íslands, sem UTN leiðir, fyrsta fund sinn með nefndinni 9. águst sl. í New York. Vinnan mun standa í það minnsta til loka árs 2024 og mun sendinefnd Íslands eiga reglulega fundi með nefndinni þar til málið hefur verið leitt til lykta. Um er að ræða hápunkt ferlis við að tryggja hagsmuni Íslands til framtíðar, sem hefur verið lengi í undirbúningi. Mikil vinna og umtalsverðir fjármunir liggja að baki ferlinu og því er nauðsynlegt að ekki sé gefið eftir á lokasprettinum.

UTN heldur utan um verkefnið og leiðir sendinefnd Íslands. Ferlinu fyrir landgrunnsnefndinni fylgir mikil vinna og þó að einungis sé gert ráð fyrir að tveir fulltrúar UTN sækji fundina munu fleiri starfsmenn ráðuneytisins koma að undirbúningsvinnunni, auk aðstoðar frá fastanefnd Íslands gagnvart Sameinuðu þjóðunum. Einnig er mögulegt að þörf sé á að afla utanaðkomandi aðstoðar. Vísindamenn frá ÍSOR og Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands halda utan um vísindabátt vinnunnar, en fjármagn fyrir þann hluta hefur þegar verið tryggður.

Gert er ráð fyrir að vinna sérfræðinga UTN, auk þátttöka tveggja fulltrúa á fundunum fyrir nefndinni, muni kosta u.þ.b. 20 milljónir. Ómögulegt er þó að segja til um það með fullri vissu þar sem lengd ferlisins og fjöldi funda er breytilegur í meðferð þessara mála og fundað er eftir þörfum þar til niðurstaða liggur fyrir.